

SKOÐUN Tæknilæknisfræði býður upp á marga en flókna möguleika, skrifar Teitur Guðmundsson. **13**



MENNING Scooter, Snap! og Vengaboys koma fram í Laugardalshöll í nóvember. **30**



SPORT Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur jafnað sig eftir gassprengingu og er klár í átökin á NCAA. **25**

FARTÖLVURÝMING
VERÐFALL Á YFIR 50 GERÐUM tl.is

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

21. maí 2013
117. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fjölhæfir hundar

Systir Helga Björnssonar söngvara þjálfar hunda sem dansa, leika og sinna ýmsum húsverkum. **2**

Undirheimar nötra Mjög eldfimt ástand er í undirheimum borgarinnar eftir hrottafengna árás í Ystaseli. **4**

Geðgjörgæsla rís Framkvæmdir við nýja geðgjörgæslu á Landspítalanum hefjast í sumar. Á allra vörum safnar fyrir deildina. **6**

Vágstur snýr aftur Birkikemba gerir vart við sig annað árið í röð. Hún er smávaxið fiðrildi sem stórskemmir birkitré. **10**



SHALDÖR
12

Bolungarvík	4°		NV 5
Akureyri	5°		SV 6
Egilsstaðir	6°		NV 4
Kirkjubæjarkl.	8°		V 6
Reykjavík	7°		V 8

Væta V- síðan NV-átt, 5-13 m/s hvassast syðst. Skúrir eða slydúel N- og V-lands. Hiti 4-10 stig, hlýjast S-til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Gamalt fólk bíður vikum saman fast á Landspítala

Eldra fólk bíður á Landspítalanum vikum saman eftir hjúkrunarrými. Stjórnvöld verða að bregðast við „ef ekki á illa að fara í heilbrigðiskerfinu“, segir forstjóri LSH. Hallinn á spítalanum er 200 milljónir króna vegna þessa.

HEILBRIGÐISMÁL Fjölmargt eldra fólk liggur svo vikum skiptir inni á Landspítalanum eftir að meðferð þess á spítalanum er lokið. Ástæðan er sú að fólk kemst ekki á viðeigandi hjúkrunarheimili. Meðal biðtími einstaklings er tæpir tveir mánuðir.

„Þetta er mál sem stjórnvöld þurfa að glíma við núna á næstu mánuðum ef ekki á illa að fara í heilbrigðiskerfinu,“ skrifar Björn Zoëga, forstjóri LSH, í pistli á heimasíðu LSH og bætir við að þessi flöskuháls sé aðalástæða þess að meðallengd sjúkráhúslegru á LSH hefur aukist umtalsvert á milli ára.

Á Landspítala í heild liggja á milli 40 og 50 sjúklingar, sem eru tilbúnir til útskriftar á hverjum tíma, og bíða vistunarúrræða utan

LSH. Meðal biðtími þessa fólks er 52 dagar, segir í upplýsingaskjali spítalans um stöðu þeirra sem bíða með svokallað færnir- og heilsumat (FHM). Þetta er afar neikvætt fyrir það fólk sem í hlut á en það er of veikburða til að snúa heim. Þess má geta að þolmörk spítalans eru metin um tuttugu einstaklingar sem bíða á hverjum tíma.

Álagið er mest á tvö stærstu svið spítalans; lyflækningasvið og skurdælkningsvið. Rúmanýting er annars vegar 100% á lyflækningasviði og hins vegar 92% á skurdælkningsviði sem er allt of mikið. „Eina leiðin til að bæta úr þessu er að losa um þá sjúklinga sem hafa lokið meðferð á spítalanum og koma þeim á hjúkrunarheimili,“ segir Björn.

Meðaltal: 50 manns - 50 dagar

Fjöldi sjúklinga sem bíðu með færnir- og heilsumat (FHM) voru 45. Af þeim sem bíðu með FHM voru 12 á bráðadeildum, einn á líknardeild, 14 á endurhæfingardeildum á Landakoti og 18 á hjúkrunardeild L2 á Landakoti.

Meðallegutími þessa hóps frá því að FHM var samþykkt var 50 dagar og legudagafjöldi þeirra var 1.994 í allt.

Hér eru ótaldir þeir sjúklingar sem bíða eftir sjö daga öldrunar-endurhæfingu, sem er forsenda þess að fá FHM-mat en þeir voru 36 á föstudaginn var, til viðbótar við þá 45 sem voru tilbúnir til að útskrifast.

Björn greinir frá því í pistli sínum að þetta ástand hafi áhrif á fjárhagsstöðu spítalans sem sé með erfiðara

móti í mjög langan tíma. „Við höfum nú síðustu rúmu þrjú árin getað verið með fjárhaginn í jafnvægi en nú er svo komið að hann er það ekki lengur. Eftir fyrstu fjóra mánuði ársins erum við í mínus,“ segir Björn sem greinir Fréttablaðinu frá því að halli á rekstri spítalans sé nú um 200 milljónir króna.

- shá




Í BLÁA LÓNINU Í þættinum sækja Hómer Simpson og vinir hans, Lenny og Moe, Ísland heim í leit að einum vininum enn, hinum íslenska Carli Carlssyni. Hómer smakkaði meðal annars hákarl og skellti sér í Bláa lónið. Þá sagði hann meðal annars „Ég er með frábæra hugmynd!“ á íslensku en þeir félagar lögðu hart að sér við að læra tungumálið góða.

Simpson-þáttur slær í gegn: **Jóhanna sátt við Simpsons**

MENNING Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að Simpson-þátturinn sem tileinkaður var Íslandi og sýndur var um helgina hafi örugglega verið góð landkynning. „Þetta er uppáhaldsþáttur fólks á öllum aldri um víða veröld,“ segir Jóhanna.

Hún segir það sannarlega hafa verið óvænt og skemmtilegt að enda sem persóna í Simpson-þætti og hún er sátt við teikninguna af sér. „Miðað við karaktera í þessum vinsæla þætti þá er þetta flott hjá þeim,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

- kh

Myndun ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks er á lokametrunum: **Funda með flokksmönnum í dag**

STJÓRNMÁL Flokksráð Sjálfstæðisflokksins og miðstjórn Framsóknarflokksins hafa verið boðuð til funda í kvöld um væntanlegt ríkisstjórnarsamstarf flokkanna.

Í flokksráði Sjálfstæðisflokksins sitja rúmlega 400 manns. Það fundar í Valhöll klukkan 20.30 og þarf að samþykkja samstarf við Framsóknarflokkinn til að af því verði. Stjórnarsáttmálin sjálfur, sem er að mestu tilbúinn líkt og skipting ráðuneyta, er ekki borinn undir ráðið til samþykktar.

Á sama tíma, klukkan 20.30, fundar hátt í 200 manna miðstjórn Framsóknarflokksins í Rúgbrauðsgerðinni og þarf að samþykkja stjórnarsáttmálann.



Að því gefnu að báðar stofnanir fallist á samstarfið má gera ráð fyrir að ríkisstjórnin verði kynnt á allra næstu dögum.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, funduðu áfram um myndun stjórnarinnar alla helgina og í gær.

Heimildir herma að Sigmundur muni leiða nýja ríkisstjórn sem forsætisráðherra og að Bjarni Benediktsson verði fjármálaráðherra. Þá er gert ráð fyrir að ráðherrum fjölgi úr átta í tíu.

- sh, lvp

NÆSTUM BÚIÐ Sigmundur Davíð ku verða forsætisráðherra í nýrri ríkisstjórn og Bjarni fjármálaráðherra.

„... HEILLADI MIG ... GERSAMLEGA UPP ÚR SKÓNUM.“
The Guardian

NÝ KILJA

SÆKIÐ LIÓSunA
JENNIFER WORTH

www.forlagid.is

Heimilis RIFINN OSTUR

DÖYRT

RIFINN OSTUR

370 g **100% ÍSLENSKUR OSTUR**

SPURNING DAGSINS



Jakob, böstaðir þú Rhyms? „Það er búið að bösta hann, en það á eftir að bursta hann fyrir dómstólum. Það væri þó skynsamlegt að fara í ræktinni áður en bankað er upp á hjá þessum stælda manni.“

Skip Síldarvinnslunnar á Neskaupstað í landi og búa sig undir næstu vertíð: Mok af kolmunna í vertíðarlok

SJÁVARÚTVEGUR Börkur NK, skip Síldarvinnslunnar á Neskaupstað, er nýkominn með fullfermi af kolmunna í heimahöfn, og markaði það lok vertíðarinnar eystra. Sturla Þórðarson, skipstjóri á Berki, segir í frétt á heimasíðu fyrirtækisins að framan af þessari síðustu veiðiferð hafi veður verið óhagstætt en brast á mokveiði þegar veður batnaði. Skipið var fyllt í fáum holum en Börkur lestar 1.800 tonn. Veiðisvæðið var 40-50 mílur suðsuðvestur af

Akrabergi, syðsta odda Færeyja. Sturla sagði að engin ástæða væri til annars en að vera ánægður með vertíðina. Oft hefði veiði verið góð en brætur hefðu þó verið býsna þrálátar á miðunum suður af Færeyjum. Að loknum kolmunnaveiðunum munu Síldarvinnsluskipin, Börkur og Beitir, gera hlé á veiðum þar til síldar- og makrílvertíð hefst í júnímánuði. Mun hléið verða notað til ýmissa viðhaldsverkefna og mun Beitir fara til Akureyrar í slipp. -sha



Í NORÐFJARÐARHÖFN Börkur NK fer á síld og makríl í júní. MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

Kennslanefnd komin saman: Reynt að bera kennsl á líkið

LÖGREGLUMÁL Kennslanefnd Ríkislögreglustjóra kom saman í gær vegna líkfundar í Kaldbaksvík á Ströndum á föstudagskvöld. Þá tilkynntu ferðalangar lögreglu um sjórekið lík í fjórinni. Bjarni Bogason, formaður kennslanefndar, segir að nú fari frumrannsókn í gang. Engar hugmyndir séu um hver sá látni er. Um beinagrind er að ræða og verður notast við greiningar á beinum og tönnum til að reyna að bera kennsl á viðkomandi. -hp, sha



HRINGMYNDUN Bíll frá Já 360 mun mynda helstu kennileiti þannig að 360 gráða sýn fái. Hann var kynntur fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Kennileiti og ferðamannastaðir myndaðir: 360° bíllinn kominn á kreik

FÓLK Sérútbúinn myndatökubíll frá Já mun á næstu vikum og mánuðum mynda helstu kennileiti og ferðamannastaði hér á landi, sem og fjölfarnar götur í þéttbýli. Þá verður myndað meðfram hringveginum. Þjónustan kallast Já 360 og vísar til gráðanna í hring, en bíllinn mun fanga útsýni til allra átta. Þetta er sambærilegt Street View hjá Google. Hvort sú hefð mun skapast hér, eins og gerðist hjá Google, að fólk flykkist að bílnum til að vera með á myndunum, skal ósagt látið en hægt verður að fylgjast með ferðum bílsins í rauntíma á vefnum. Já hefur upplýst Persónuvernd um áætlanir félagsins. Ekki er reiknað með að andlit fólks muni almennt þekkjast á myndum, en í sumum tilfellum gæti svo verið. -kóp

Létust í Þjórsárdal Hjónin sem létust í hjólhýsi sínu í Þjórsárdal í fyrradag hétu Edda Sigurjónsdóttir, fædd 15. júlí 1945, og Alexander G. Þórsson, fæddur 13. mars 1941, til heimilis að Lækjasmára 2 í Kópavogi. Þau láta eftir sig þrjú uppkomin börn og átta barnabörn. Talið er að súrefnisskortur hafi orðið hjónunum að bana. Lögreglan vinnur að rannsókn málsins.

Í haldi vegna kynferðisbrots: Rannsaka tengsl við önnur mál LÖGREGLUMÁL Lögreglan rannsakar nú hvort tengsl séu á milli þess þegar maður nam tíu ára stúlku á brott í Vesturbænum í síðustu viku og braut á henni kynferðislega, og annarra mála af svipuðum toga. Maðurinn, sem er á fertugsaldri, var úrskurðaður í gæsluvarðhald á Litla-Hrauni til 29. maí næstkomandi og segir verjandi mannsins að sá úrskurður verði ekki kærður. -hp



FJÖLHÆFIR HUNÐAR Hér eru nokkrir af hundum Auðar. Frá vinstri er Flóki, verðandi kvikmyndastjarna, Sóla, dansarinn Spuni og svo höfðinginn Tryggur sem gat meðal annars tekið úr þvottavél áður en hann fór á eftirlaun. MYND/AUÐUR BJÖRNSDÓTTIR

Þjálfar hunda í dans, bíómyndir og húsverk

Auður Björnsdóttir hundabjálfi hefur þjálfað hunda til að hjálpa fötluðum sem og flogaveikum. Hún hefur einnig þjálfað hund sem fer með hlutverk í íslenskri bíómynd og annan sem dansar við lög Helga Björnssonar, sem er bróðir hennar.

DÝRALÍF „Ætli hundarnir sem ég hef þjálfað séu ekki orðnir átta eða níu talsins,“ segir Auður Björnsdóttir, hundabjálfi á Ísafirði, sem hefur í nógu að snúast þessa dagana. Flóki, einn hunda Auðar, fer með hlutverk í kvikmyndinni Kalt vor sem tekin verður upp á Flateyri í sumar og þá hefur hundurinn Spuni sýnt þó nokkra leikni í dansi. „Áhuginn kom til þar sem ég þjálfaði hund fyrir son minn þegar hann var lítill. Það vakti töluverða athygli og síðan þá hef ég tekið að mér einn og einn hund,“ segir Auður. Viðar, sextán ára gamall sonur Auðar, er með vöðvarýrnunar-sjúkdóm og þjálfaði hún hundinn Trygg til að vera honum til aðstoðar. Tryggur lærði meðal annars að opna dyr, kveikja ljós, draga hjólastól og taka úr þvottavél. „Nú er hann hins vegar orðinn gamall og kominn á eftirlaun,“ segir hundabjálfi Auður. Auður lærði hundabjálfun í Nor-

egi og hefur síðan þjálfað átta til níu hunda til ýmissa verka, meðal annars fyrir fatlaða og flogaveika. „Það getur skipt flogaveika miklu máli að eiga hund sem lætur þá vita áður en kastíð kemur. Það verða ákveðin efnaskipti í líkamnum og hundarnir finna lyktina af því og geta látið eigendur sína vita allt að 40 mínútum áður en kastíð kemur,“ útskýrir Auður. „Ég hef verið að þjálfa einn og einn hund í gegnum árin. Það líða kannski tvö ár á milli hunda þannig að þetta er ekki aðalstarf mitt enda kaupíð lágt.“ Sem fyrr segir fer hundurinn Flóki, sem er schnauzer, með hlutverk í íslenskri bíómynd í sumar. Hann reyndi þó fyrst fyrir sér í dansi. „Flóki kann ýmis trix. Hann byrjaði í dansinum en þótti ekki nógu efnilegur, var ekki nógu taktviss, og fór því yfir í leiklistina,“ segir Auður. „Hann er mjög skemmtilegur hundur og sterkur karakter. Hefur miklar skoðanir á fólki og hlutum. Hann horfir líka



Hann byrjaði í dansinum en þótti ekki nógu efnilegur, var ekki nógu taktviss, og fór því yfir í leiklistina

Auður Björnsdóttir hundabjálfi um hundinn Flóka. mikið á sjónvarp og upphaldsþættirnir hans eru dýralífsþættir.“ Ólíkt Flóka hefur hundurinn Spuni, sem er border collie, sýnt góð tilbrif í dansinum. „Þetta er svona free-style hundadans en það er nú meira áhugamál. Við höfum svolítið verið að dansa við Reimenn vindanna,“ segir Auður sem er systir Helga Björnssonar, forsprakka hljóm sveitarinnar. „Takturinn og hraðinn í lögnum hentar ágætlega. Dansinn hjá Spuna snýst svolítið um það.“ kristjan@frettabladid.is

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING! Finnst þér allir vera að hvísla? HEYRNARSTÖÐIN Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Ingólfur Geir Gissurarson lagði af stað á topp Everest klukkan 17 í gær: Elsti Íslendingurinn á toppinn

FÓLK Ingólfur Geir Gissurarson og félagar hans í Everest 2013 hópnunum komust í suður-skarð Everestfjalls, sem er í 7.950 metra hæð, í gær. Hópurinn hvíldi sig fram eftir degi og lagði af stað á toppinn klukkan 17.09 að íslenskum tíma í gær. Gangi allt að óskum eiga leiðangursmenn að ná toppnum á milli klukkan 10 og 12 í dag. Ingólfur var með staðsetningartæki á sér þegar hann lagði af stað. Fjölskylda hans og vinir komu saman í Fjallakofanum í Kringlunni og fylgdust með ferð hans á toppinn. „Veðurspá er góð og það á að vera stjörnubjart í nótt,“ sagði Guðmundur Stefán Maríusson í viðtali við Fréttablaðið í gær. Guðmundur Stefán lagði af stað upp Everest með hópnunum en varð frá að hverfa vegna veikinda og fylgdist nú með ferðum Ingólfs Geirs að heiman. „Það er símasamband á toppnum og hann ætlar að hringja í konu sína þaðan ef samband næst. Gangi allt að óskum verður hann elsti Íslendingurinn og eini íslenski afinn sem komist hefur á topp Everest.“ -sm



Á TOPPINN Ingólfur Geir Gissurarson lagði af stað á topp Everest klukkan 17.09 í gær.

4G

NETIÐ
hjá NOVA

OFUR HRADDI OFUR EINFALT

Fáðu 4G box hjá okkur og komdu heimilinu í ofurgott netsamband.

4G box

1.690 kr /mán. í 12 mán.

með þjónustusamningi í áskrift.
Fullt verð í áskrift og frelsi: **2.190 kr./mán.**


4G netþjónusta Nova

Fyrsti mánuðurinn á 0 kr.

15 GB
3.990 kr.

50 GB
4.990 kr.

100 GB
5.990 kr.



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Þjónustusamningur í áskrift er til 6 mánaða, greitt með kreditkorti auk 325 kr. greiðsludreifingargjalds. Fyrsti mánuðurinn á 0 kr. í áskrift en í frelsi færðu 1 GB fyrsta mánuðinn. **Nánari upplýsingar á nova.is.**

NOVA



Audi A4 1,8T
 Árgerð 2008, bensín
 Ekinn 56.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:
4.950.000,-

MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



Audi Q7 4,2 v8
 Árgerð 2007, bensín
 Ekinn 101.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
4.790.000,-



VW Passat Highline Ecofuel
 Árgerð 2012, bensín/metan
 Ekinn 58.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
4.590.000,-



Audi A6 2,0TFSI
 Árgerð 2007, bensín
 Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
4.390.000,-



Audi A4 2,0TDi
 Árgerð 2011, dísil
 Ekinn 33.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
5.450.000,-



VW Polo Comfort 1,4 AT
 Árgerð 2012, bensín
 Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.700.000,-



VW Golf Trendl. 1,6TDi
 Árgerð 2012, dísil
 Ekinn 29.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
3.050.000,-



VW Tiguan Track&Sport TDi, Árgerð 2012, dísil
 Ekinn 30.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
5.690.000,-



VW Passat Highline ecofuel
 Árgerð 2011, bensín/metan
 Ekinn 88.300 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
4.450.000,-



Skoda Superb Combi
 Árgerð 2011, dísil
 Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
4.290.000,-



Toyota Auris Terra
 Árgerð 2010, bensín
 Ekinn 57.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
2.270.000,-



Toyota Yaris
 Árgerð 2006, bensín
 Ekinn 100.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
1.190.000,-



Skoda Fabia Combi
 Árgerð 2009, bensín
 Ekinn 57.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
1.790.000,-



Mitsubishi ASX
 Árgerð 2011, dísil
 Ekinn 21.500 km, beinskiptur
Ásett verð:
4.150.000,-



MM Pajero 3,2 Instyle
 Árgerð 2012, dísil
 Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
9.390.000,-



Tilboð: 2.350.000,-

Jeep Grand Cherokee Hemi
 Árgerð 2006, bensín
 Ekinn 92.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.950.000,-



MM Outlander 2,4 AT
 Árgerð 2008, bensín
 Ekinn 133.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.450.000,-

WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS



LONDON

MAÍ, JÚNÍ & JÚLÍ

Á BETRA VERÐI

FRÁ

9.900 KR.

Gildir aðeins ef þú bókar í dag og á morgun

Aðra leið með sköttum og gjöldum í maí, júní og júlí.
Gildir aðeins ef bókað er 21. og 22. maí.

WOW air hvetur nýja ríkisstjórn til dáða í verkum sínum og lítur björtum augum til framtíðar fyrir Íslendinga alla. Við ætlum að standa við kosningaloforðin okkar og bjóðum því öllum landsmönnum ferðir til útlanda á enn betra verði.

Loforðalistinn 2013

- WOW air lofar að veita kröftuga **samkeppni**
- WOW air lofar landsmönnum öllum **betri kjörum**
- WOW air lofar að spara ríki, borg og sveitarfélögum einn milljarð á næsta kjörtímabili
- WOW air lofar að bjóða fyrirtækjum fastan **ferðakostnað**
- WOW air lofar að láta **gott af sér leiða** með bros á vör
- WOW air lofar að veita þér og þínum og öllum hinum **ógleymanlega upplifun**

Vilnius >> Amsterdam >> Düsseldorf >> Mílanó >> Barcelona >> Varsjá >> Lyon
London >> Kaupmannahöfn >> Alicante >> Zürich >> Berlín >> Stuttgart >> París

wow.is >> Katrínartún 12 >> 105 Reykjavík >> 590 3000

Kauptu sparneytnari bíl á góðu verði

NOTAÐIR bílar á sumarsölu í dag



Citroën C3 S. Aird. (BSY09)
1,6TDCi 92 hö dísil beinsk.
Skráður 6/12. Ek. 20.000 km.
Verð: 2.380.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.
Sumartilboð: 2.180.000 kr.



Hyundai Getz (EIL82)
1,4i 96 hö bensín beinsk.
Skráður 7/08. Ek. 38.000 km.
Verð: 1.490.000 kr.
Afsláttur: 100.000 kr.
Sumartilboð: 1.390.000 kr.



Ford Explorer Limt. 4x4 (ENK28)
4,6i 292 hö bensín sjálfsk.
Skráður 8/08. Ek. 81.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
Sumartilboð: 3.490.000 kr.



Subaru Legacy (KU601)
2,0i 164 hö bensín sjálfsk.
Skráður 4/07. Ek. 94.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.
Afsláttur: 400.000 kr.
Sumartilboð: 1.590.000 kr.



Opel Corsa (NHA48)
1,2i 80 hö bensín beinsk.
Skráður 4/08. Ek. 96.000 km.
Verð: 1.290.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.
Sumartilboð: 1.090.000 kr.



BMW 3 (Z0786)
2,0i 149 hö bensín sjálfsk.
Skráður 1/06. Ek. 90.000 km.
Verð: 2.290.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.
Sumartilboð: 2.090.000 kr.

**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
FINNDU SUMARBÍLINN ÞINN**

notadir.brimborg.is

Söludeildir Brimborgar eru
opnar virka daga frá kl. 9-17
og frá kl. 12-16 á laugardögum

LYKILL
Byður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



BÆJARBÍÓ Hugmynd bæjaryfirvalda er að leikhús og kvikmyndasafn verði undir sama þaki í húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

Ríkið hefur framtíð Bæjarbíós í hendi sér

Ef stjórnvöld veita ekki fjármagn til Kvikmyndasafns Íslands þá mun Gaflaraleikhúsið taka við rekstri Bæjarbíós í Hafnarfirði. Beiðni Kvikmyndasafnsins um framlengingu samnings er hafnað og hverfur safnið frá Hafnarfirði að óbreyttu.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Hafnarfjarðarbær telur ekki forsendur til að endurskoða ákvörðun sína um að fela Gaflaraleikhúsinu rekstur Bæjarbíós nema til komi skýr vilji stjórnvalda til að leggja meira fjármagn í sýningarhluta

Kvikmynda- safns Íslands eins og bæjaryfirvöld hafa ítrekað óskað eftir.

„Niðurstaða er ekki komin í málið. Við teljum ekki ásættanlegt að halda áfram núverandi starfsemi við óbreyttar aðstæður og það er ráðuneytisins að sýna vilja með fjárframlagi til safnsins, svo hægt sé að vera með meira líf í húsinu. Það er í raun engin breyting á afstöðu sveitarfélagsins og boltinn er hjá ráðuneytinu,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, um hugmyndir



**GUÐRÚN
ÁGÚSTA
GUÐMUNDSDÓTTIR**



**ERLENDUR
SVEINSSON**

er eðlilegt að safnið kanni rétt sinn vegna kostnaðar sem það hefur lagt út í,“ skrifar Erlendur eins og Fréttablaðið greindi frá 7. maí.

Príhliða samningur gerður árið 1996

Kvikmyndasafn Íslands, Hafnarfjarðarbær og menntamálaráðuneytið gerðu samning árið 1996 um að safnið ræki Bæjarbíó, hæfi þar rekstur svokallaðs safnabíós og héldi úti fjölbreyttri sýningarstarfsemi. Á verðlagi dagsins í dag nemur beinn stuðningur Hafnarfjarðarbæjar við rekstur sýningarhluta Kvikmyndasafnsins yfir 140 milljónum króna á samnings- tímanum, að mati bæjaryfirvalda.

bæjarráðs um breyttan rekstur Bæjarbíós.

Grunnhugmynd bæjaryfirvalda er að auka starfsemi í húsinu, en Kvikmyndasafn Íslands hefur haft aðstöðuna til umráða um nokkurra ára skeið án endurgjalds. Erlendur Sveinsson, forstöðumaður Kvikmyndasafnsins, er þeirrar skoðunar að starfsemi safnsins og leikhúss eigi þar ekki saman og leggst alfarið gegn hugmyndum bæjarráðs. Fór hann þess á leit að ákvörðun um breyttan rekstur í Bæjarbíó yrði frestað og samningur við Kvikmyndasafnið yrði framlengdur að minnsta kosti til næsta vors.

Í bréfi Erlends til bæjarins segir að verði leikhúsi falinn rekstur hússins verði kvikmyndasýningum hætt. „Mun safnið þá eðli málsins samkvæmt í kjölfarið taka niður sýningarstöðu sína, sýningarvél, myndvarpa, sýningartjald, öryggiskerfi og fleira. Jafnframt

er eðlilegt að safnið kanni rétt sinn vegna kostnaðar sem það hefur lagt út í,“ skrifar Erlendur eins og Fréttablaðið greindi frá 7. maí.

Samningar bæjarins um leigulistarstarfsemi eru lausir um næstu áramót. Því telja bæjaryfirvöld að niðurstaða ráðuneytisins um aðkomu að starfsemi verði að liggja fyrir í lok maí, í síðasta lagi.

Hafnarfjarðarbær leigir aðstöðu af þriðja aðila undir leiklistar- og aðra menningarstarfsemi og telja bæjaryfirvöld eðlilegt að endurskoða hvernig fjármagn sé best varið í þessum málaflokki. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja bæjaryfirvöld að upphafleg áform um nýtingu hússins hafi ekki gengið eftir nema að litlum hluta.

Ekki náðist í Erlend Sveinsson við vinnslu fréttarinnar.

svavar@frettabladid.is

Tilboð MP banka samþykkt: MP kaupir Ís- lensk verðbréf

VIÐSKIPTI Tilboð MP banka í allt hlutfé fyrirtækisins Íslenskra verðbréfa hefur verið samþykkt af tilskildum meirihluta hluthafa félagsins. MP banki mun því eignast félagið og greiðir fyrir það með hlutabréfum í MP banka.

Sameinuð verða MP banki og Íslensk verðbréf, eitt stærsta eignastýringarfyrirtæki landsins, með um 190 milljarða króna í stýringu, en Íslensk verðbréf hafa haft 120 milljarða í stýringu.

„Þetta er sannarlega stór dagur í sögu MP banka. Það er mitt mat að kaupin styðji vel við stefnu bankans um að vera leiðandi á sviði eignastýringar og fjárfestingarbankastarfsemi,“ segir Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka.

- mþl

elica
COLLECTION

**25%
AFSLÁTTUR**

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Viðarvörn nr. 1 á Íslandi



Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von.

Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

 **málning**
- það segir sig sjálft -



Útsöluastaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • BYKO Akranesi
Axel Þórarinnson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Málningarbúðin Ísafirði
Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri
Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað
BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík



VIÐURKENNT BÓKARANÁM

Frá grunni að viðurkenndum bókara

Það hefur vakið athygli hversu margir nemendur okkar hafa fengið vinnu eftir að hafa lokið bókhaldsnámi.

Nú höfum við ákveðið að ganga skrefinu lengra með nýrri námsbraut sem undirbýr nemendur undir próf sem leiðir til vottunar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sem Viðurkenndur bókari.

Helstu námsgreinar

- Verslunarreikningur - 24 stundir
- Excel töflureiknir - 30 stundir
- Bókhald - 36 stundir
- Tölvubókhald í Navision - 54 stundir
- Excel við áætlanagerð - 30 stundir
- Launakerfi - 24 stundir
- Lánardrottinn og viðskiptamenn - 12 stundir
- Fyrningar - 12 stundir
- Virðisaukaskattur - 6 stundir
- Lán - 18 stundir
- Gerð og greining ársreikninga - 24 stundir
- Lokaverkefni - 36 stundir
- Skattaskil - 18 stundir
- Reiknishald – viðbætur - 30 stundir
- Upplýsingatækni – viðbætur - 12 stundir
- Upprifjun fyrir próf - 18 stundir

Lengd námskeiðs:

2 annir - 384 kennslustundir - kennt tvisvar í viku

Verð:

363.000 kr. - Hægt er að dreifa greiðslum

Næstu námskeið:

Morgunnámskeið byrjar 1. okt. og lýkur 27. maí.
Kvöldnámskeið hefst 30. sept. og lýkur 28. maí.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : Sími 544 4500 : NTV.IS

ntv



UMMERKI
Svona er víða um að litast í gördum fólks.
MYND/ERLING ÓLAFSSON

Agnarsmár vágestur gerir vart við sig á ný

Birkikemba gerir mjög vart við sig annað árið í röð, en um smávaxið fiðrildi er að ræða sem stórskemmir birkitré. Fjölgunin er mikil á stuttum tíma. Ekki þarf að óttast meiriháttar skaða af völdum þess nema fleiri skordýr bætist í hóp nýbúa.

NÁTTÚRA Smávaxið fiðrildi, birkikemba, gerir mjög vart við sig annað árið í röð. Það hefur náð undraverðri útbreiðslu á stuttum tíma. Heimsókn þessa skordýrs þýðir töluverðar skemmdir á birkitrjám. Ekki er talin ástæða til þess að óttast meiriháttar skemmdir á birkiskógum, er mat sérfræðings nema til komi fleiri skaðvaldar vegna hlýnunar.



ERLING ÓLAFSSON

Erling Ólafsson, dýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, vakti athygli á mikilli útbreiðslu birkikembu á pödduvef NÍ í fyrravor, en það er veglegur upplýsingabanki um skordýr hvers konar sem hann á veg og vanda af. Hann segir að eins og í fyrra hafi fjöldi fólks spurst fyrir, enda verði fólk vart við stóra hópa af fiðrildinu annað árið í röð.

Birkikemba varð fyrst vart í Hveragerði árið 2005. Í fyrravor var ljóst orðið að birkikembunni hafði vaxið mjög ásmegin og fannst víða

Éta innvefi birkitrjáa

Trjárækt og húsagarðar með birki eru kjörlendi birkikembu. Fiðrildin eru á ferð á vorin en þau skríða úr púpum í fyrri hluta apríl og hverfa með öllu fyrir miðjan maí. Flugtími er því mjög skammur. Á þessum tíma verpa þau á brum birkis og eggja klekjast þegar tré fara að laufgast.

Lirfurnar smjúga þá inn í laufblöðin, koma sér þar fyrir og éta innvefi þeirra. Eftir því sem lirfurnar dafna taka blöðin að sölna og á endanum stendur einungis eftir ysta lag efra- og neðraborðs blaðs sem blæs út eins og brúnn belgur.

Fullvaxnar lirfur skríða út úr belgnum og hverfa niður í svörð þar sem þær púpa sig og bíða næsta vors á því stigi. Birkikemba liggur í vetrardvala á púpustigi.

Heimild: Pödduvefur NÍ - Erling Ólafsson

í Reykjavík og suður í Hafnarfjörð. Auk þess var hún mætt til leiks í trjárækt Skógræktar ríkisins að Mógilsá í Kollafirði og í gördum á Selfossi.

Ummerkin á trjám, brúnir uppblásnir laufbelgir, eru einkennandi fyrir birkikembu. Erling telur að hér sé mætt til leiks tegund sem á eftir að fjölga sér hratt á komandi árum og dreifast út víðar um garða og trjáræktir, jafnvel í náttúrulega birkiskóga.

Halldór Sverrisson, plöntusjúkdómafræðingur og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, segir það

greinilegt að fiðrildið geti skaðað birkitré í gördum á höfuðborgarsvæðinu. Þar séu skilyrði góð fyrir tegundina. „Í Ölfusinu, þar sem þessi tegund hefur verið í tíu ár virðast skemmdir minni. Útbreiðslan er hæg og bundin við Suðvesturland enn þá. Ég tel litlar líkur á að fiðrildið valdi verulegum skemmdum í náttúrulegum birkiskógum. En þetta er viðbót við annað sem fyrir er og eykur líklega beitaraðlag á skóginn eitthvað. Og ef fleiri birkiskaðvaldar berast til landsins geta áhrif á skóginn orðið neikvæð,“ segir Halldór.

svavar@frettabladid.is

30% afsláttur á Gabriel höggdeyfum

Framúrskarandi fyrirtæki 2012



Gabriel SINCE 1907

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Frosti Pálsson

Sambærðsla fjarkönnunarmynda

Fjarkönnunarmyndir sem gervihnettir safna eru mikilvægar fyrir veðurfræði, kortagerð, rannsóknir á loftslagi, jarðfræði og fleira. Sambærðsla þeirra stóreykur notagildi þeirra á ýmsum sviðum.

Gísli Steinn Pétursson

Hönnun yfirfalls virkjunar

Lagt er mat á virkni veltipróar yfirfalls með tölulegu reiknilíkani og straumfræðilíkani. Niðurstöður styrkja hönnunarforsendur yfirfalls Urriðafossvirkjunar í Neðri-Þjórsá.

Almar Gunnarsson

Viðhald túrbína í jarðvarmaverum

Orsakir slits á túrbínunum Hellisheiðarvirkjunar eru kannaðar og hvernig Orkuveita Reykjavíkur getur og hefur þróað nýjar aðferðir til að bregðast við vandanum.

PIPAR/IBMA - SÍA - 131540


Svandís Hlín Karlsdóttir

Flutningur á raforku um sæstreng

Aðstæður á íslenskum orkumarkaði eru skoðaðar og áreiðanleiki mögulegs sæstrengs frá Íslandi til Bretlands metinn. Reynsla af rekstri sæstrengja erlendis er einnig greind.

Nýsköpun námsmanna

Háskóla Íslands – lausnir í verkfræði og tölvunarfræði



Theodór Ingibergsson

Framtíðarhorfur skreiðar- og hausaverkunar á Íslandi

Útflutningur skreiðar hefur aukist mikið á síðasta áratug og nemur um 6 milljörðum króna í dag. Tæknilausnir til að auka hagkvæmni þurrkunarfélisins eru greindar.

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Tölfræðileg greining kerstýringar í álveri Alcoa Fjarðaráls

Leitað er leiða til að auka hagkvæmni álframleiðslu með því að draga úr kostnaði og minnka orkunotkun.

Meistaradagur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands 2013 fimmtudaginn 23. maí, kl. 12.00–17.00 í VR-II

Í verkfræðigreinum innan Háskóla Íslands er markmiðið að flétta nýsköpun saman við framhaldsnámið. Á meistaradeginum verða kynnt verkefni meistaránema sem iðulega eru þátttakendur í nýsköpunarverkefnum í samstarfi við öflug fyrirtæki. Nemendur háskólans leggja þannig mikið til vöru- og samfélagsþróunar á Íslandi. Komdu og kynntu þér uppsprettu nýsköpunar og hátæknilausna í verkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands.

Dagskrá sameiginlegs fundar í stofu V-158:

- 12.00 Setning**
Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor og formaður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.
- 12.05–12.35 „Rannsóknir og raunhæfar lausnir í matvælaíðnaði og líftækni“**
Dr. Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís.
- 12.35–12.50 „Matvælaíðnaður og verkfræði – hvað er Verkfræðistofnun HÍ að fást við?“**
Dr. Gunnar Stefánsson, prófessor við Háskóla Íslands.
- 12.50–13.00 „Það eru 20 ár liðin“**
Fulltrúi 20 ára verkfræðinga við Háskóla Íslands – Agni Ásgeirsson, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
- 13.05–17.00 Meistarafyrirlestrar, veggspjöld og veitingar**

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Sjá nánari dagskrá á www.hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN

www.hi.is

Fólk í kynáttunavanda verðskuldar stuðning okkar:

Transfólk kemur út úr skápnunum

Konum á Íslandi fjölgaði um fimm í síðustu viku, en körlunum fækkaði að sama skapi. Þannig orðaði sænski skurðlæknirinn Gunnar Kratz það er rætt var við hann í úttekt í helgarblaði Fréttablaðsins. Kratz gerði fyrir hvítasunnuhelgina fimm kynleiðréttingaraðgerðir á konum, sem höfðu fæðzt í karlmannlíkama.

Vitund og skilningur á hlutskipti fólks sem þannig háttar til um, á í kynáttunavanda eins og það er kallað, hefur aukizt verulega á Íslandi á undanförunum árum. Fréttablaðið sagði frá því í byrjun ársins að á tveimur og hálfu ári hefði þeim snarfjölgað sem leituðu til Samtakanna 78 og Barna- og unglingsdeildar Landspítalans vegna kynáttunavanda. Ráðgjafi hjá Samtökunum 78 sagði þá frá því að stutt væri frá því að eitt viðtal á ári hjá henni hefði snúið að kynáttunavanda, en nú væri svo komið að það væri um helmingur allra viðtala.

Ástæðan er fyrst og fremst vitundarvakning; foreldrar bregðast miklu fyrir við ef þeir telja sig sjá merki þess hjá börnum sínum að þeim líði illa í líkama sínum og því kynhlut-

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



verki sem fylgir honum. Í stað þess að þegja málið í hel, eins og einu sinni var gert, og bíða þess að fullorðinn einstaklingur komi og tilkynni að hann sé sonur en ekki dóttir eða öfugt, taka margir foreldrar þann kostinn að vinna með börnum sínum og hjálpa þeim að fá aðstoð og sérfræðiráðgjöf. Það sparar miklar sálar-kvalir.

Eftir því sem næst verður komizt, hafa 25 Íslendingar gengizt undir kynleiðréttingaraðgerð. Þar af hafa níttján verið gerðar hér á landi. Alls hafa 32 einstaklingar breytt nafni sínu í þjóðskrá vegna kynleiðréttingar. Réttarstaða transfólks hefur breytt mjög til batnaðar eftir að sérstök lög um hana voru samþykkt í fyrra.

Það breytir þó ekki því að transfólk mætir enn fordómum af margvíslegu tagi. Sumt af þeim fellur kannski undir hugsunar- eða þekkingarleysi. Það er ekki langt síðan íslenskur sjónvarps- maður sagði um erlenda konu, sem hafði farið í kynleiðréttingaraðgerð, að hún væri „í rauninni karlmaður“. Það er líka furðuvalgt að til dæmis vinnufélagar fólks sem farið hefur í kynleiðréttingu fari í hnút og eigi í mesta basli með að nota nýja nafnið eða tala um viðkomandi í réttu kyni.

Í öðrum tilvikum brjótast fordómarnir út í ofbeldi; það er heldur ekki langt síðan ungur transmaður var barinn fyrir það eitt að vera það sem hann var.

Meiri fræðsla og fleira transfólk, sem ber höfuðið hátt og er góðar fyrirmyndir, mun þó væntanlega smátt og smátt eyða fordómunum. Uglu Stefanía Jónsdóttir, sem var í viðtali í úttekt Fréttablaðsins, segir sömu sögu og annað transfólk; að lífið hafi breytt til batnaðar við kynleiðréttinguna – í rauninni ekki byrjað fyrr en þá. En um leið er kynleiðréttingarferlið gífurlega erfitt, bæði líkamlega og tilfinningalega.

Við eigum að taka okkur stöðu með þeim bræðrum okkar og systurum sem fæðast í röngum líkama og styðja þau til að verða þau sem þau vilja verða. Og fagna fjölbreytileika mannlífsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Útskriftarstjarnan er komin. Glæsileg útskriftargjöf.

Okkar hönnun og smíði

JÓN & ÓSKAR

www.jonogoskar.is Sími 5524910 Laugavegi 61 Krínglan Smáralind

FRÁ DEGI TIL DAGS

Byggt á misskilningi

Porvaldur Gylfason, vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar, sagðist fyrir helgi sannfærður um að fylgi vaktarinnar yrði námundað upp þegar kæmi að því að úthluta ríkisstyrkjum til framboða sem náðu lögbundnu 2,5 prósentu atkvæðamagns í þingkosningunum. Lýðræðisvaktin náði því marki ekki – fékk 2,46 prósent – en hagfræði- prófessorinn taldi sig nú samt eiga heimtingu á milljónunum. „Málið virðist vera reist á misskilningi,“ sagði hann. Nú skyldi námundað sem aldrei fyrr.



Að minnsta kosti

Misskilningurinn er þó ekki meiri en svo að lögin kveða ansi skýrt á um að framboð þurfi að hafa „hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða“, sem 2,46 prósent eru sannarlega ekki. Með sömu rökum hefði Porvaldur væntanlega krafist þess að fá úthlutað uppboðarþingmönnum hefði Lýðræðisvaktin fengið 4,96 prósent atkvæða.

Sex árum síðar

Ný ríkisstjórn er að taka á sig mynd og verður kynnt í vikunni nema eitthvað mikið komi upp á. Hvískrað hefur verið um að ráðherrum verði



fjölgað og Bjarni Benediktsson sagði á fundi fyrir skemmstu að honum þætti til dæmis verkefnum á könnu atvinnuvegaráðuneytisins heldur ofaukið. Förum nokkur ár aftur í tímann – fram fyrir hrúnið – allt til ársins 2007. Þá hélt Sjálfstæðisflokkur Geirs H. Haarde landsfund og ályktaði um að stofnun atvinnuvegaráðuneytis væri löngu tímabær. Hún mundi auka möguleika á sameiningu stofnana og hagræðingu. Stofnun slíks ráðuneytis var svo á stefnuskrá flokksins fyrir kosningarnar sama ár. Nú eru greinilega breyttir tímar.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Strangtrúaðir netverjar

SAMFÉLAG



Auður Jónsdóttir rithöfundur

Stuttu fyrir Hrúnið skrifaði ég pistil í bók og velti fyrir mér hvort það væri tilviljun að skopmyndirnar af Múhammed spámanni hefðu birst í einu stærsta dagblaðinu í Danmörku á sama tíma og Dansk Folkeparti, alræmdur þjóðernisflokkur, var stuðningsflokkur dönsku ríkisstjórnarinnar. Ætlunin var alls ekki sú að mæla með sjálfskipaðri ritskoðun í þágu bókstafstrúarmanna en af viðbrögðum á netinu að dæma mátti ætla að ég hefði afhjúpað mig sem virkur meðlimur í Al-Kaíða.

Athugasemdir nokkurra aðila voru svo ofboðslegar að á endanum hafði maðurinn minn upp á nafni náunga nokkurs sem skrifaði undir dulnefni og hringdi í hann frá Barcelona þar sem við bjuggum. Sá varð kjaftstopp þegar sveittur Íslendingur í Katalóníu tók hann snöfurlaga á beinið.

Daginn eftir misstum við málið. Dvergvaxin mannvitsbrekka á Íslandi bloggaði um holdafar mitt af miklum móð og skildi ekkert í því hvernig nokkur gæti hugsað sér að sofa hjá öðru eins mörfjalli og mér. Skrifin vöktu því líka kátínu að nokkrir góðkunningjar mínir af karlkyni voru örsnöggir að linka á sníldina.

Ég rankaði við mér þar sem ég var

→ Dvergvaxin mannvitsbrekka á Íslandi bloggaði um holdafar mitt af miklum móð og skildi ekkert í því hvernig nokkur gæti hugsað sér að sofa hjá öðru eins mörfjalli og mér.

búin að ryðja bókunum mínum úr bókaskápnun í stofunni, andstutt af vanlíðan. Við hjónin höfðum verið á leiðinni út að sjá kvikmynd eftir Ragnar Bragason á kvikmyndahátíð en ég náði ekki áttum fyrr en myndin var byrjuð. Þá hristi ég sjokkið af mér, sárust yfir því að hafa misst af myndinni. Síðan þá er ég viðbúin öllu í samfélagsumræðu á Íslandi en þó þykir mér sárt að sjá fólk verða fyrir skriðu niðrandi athugasemda við það eitt að viðra skoðanir sínar í fjölmiðlum, hvort sem ég er sammála skoðunum þess á fótboltapjálfurum og léttvinsdrykkju eða ekki. Eitt það skemmtilegasta sem ég veit er að skiptast á skoðunum við fólk og ég áskil mér rétt til að skipta um skoðun á hverjum degi, þá ekki síst til að spegla hana í skoðunum annarra, helst í góðum matarboðum. Maður er jú manns gaman! Samt myndi ég aldrei nenna í matarboð með strangtrúuðum netverjum sem borða hvorki steik né humar.

Genin mín, genin þín og „tæknilæknisfræði“

HEILSA

Teitur Guðmundsson læknir



Mikið hefur verið rætt um gen og áhrif þeirra á myndun sjúkdóma undanfarna daga í fjölmiðlum og sitt sýnist hverjum. Ekki ætla ég að leggja mikið inn í þá umræðu annað en það sem kalla mætti persónubundin læknisþjónusta (personalized medicine). Þetta hugtak byggir að miklu leyti á upplýsingum um erfðir og áhættumat, slíkt hefur verið að ryðja sér til rúms víða erlendis og er meiningin sú að klæðskerasníða forvarnir, greiningu, meðferð og eftirlit að þörfum hvers og eins einstaklings.

Hefðbundin læknisfræðileg nálgun hefur undanfarin áhrundruð verið bundin að mestu við það að meta einkenni sjúklingsins og ástand hans auk þess að gera rannsóknir til að greina vandann og þannig geta hafið viðeigandi meðferð. Slíkt hefur gengið ágætlega og hefur árangur batnað mikið við meðferð helstu sjúkdóma. En við gerum okkur grein fyrir því að ekki eru allir einstaklingar eins og áhættan á að þróa með okkur sjúkdóma er ekki hin sama fyrir alla. Sú ástæða, hver sem hún kann að vera, getur hins vegar haft áhrif á

árangur meðferðar og hvernig líkami okkar bregst við henni.

Með framþróun tækninnar hefur komið í ljós að við eigum talsvert meira af möguleikum. Þar ber einna helst að nefna aukna þekkingu okkar á meingerð og þróun sjúkdóma, áhrif mataræðis, hreyfingar, reykinga og annarra umhverfis og áhættuþátta sem eru mjög mikilvægir. En við erum enn að slíta barnsskónum, ef svo mætti orða það, á sviði erfðafræði og læknisþjónustu sem byggir á genum viðkomandi einstaklings. Það er býsna flókið að skilja alla þá möguleika sem þessi tegund af tæknilæknisfræði (afsakið nýyrðið) gefur okkur, en ég ætla að tæpa á nokkrum þáttum.

Hið endanlega val er sjúklingsins

Erfðaefnið, eða DNA, er í raun upplýsingageymsla líkamans og ef kalla mætti harða diskinn í hverri frumu fyrir sig. Úr þessum leiðbeiningum vinna frumurnar prótein sem stýra ferlum þeirra á tiltölulega flókinn hátt í samspili við ensím auk annarra þátta og hafa þannig áhrif á vöxt, þróun, staðsetningu, líf og dauða hvers frumu fyrir sig. Þetta flókna mengi raskast í mörgum sjúkdómum og er í raun það sem veldur mörgum þeirra, ekki bara breyting erfðaefnisins sem þó vissulega skiptir miklu máli. Þess vegna er verið að gera próteinmengjarannsóknir í dag auk ýmissa annarra til viðbótar við að

skoða gen einstaklinga og þannig geta enn betur áttað sig á og meðhöndlað sjúklingsinn.

Vandinn snýst því ekki bara um genin heldur um það hvernig er spilað úr þeim auk fjölda annarra þátta. Meðferðarmöguleikarnir tengjast aftur því að hafa áhrif á þessar breytur beint og óbeint. Á þessu byggja nútíma krabbameinslækningar til dæmis og hugmyndir um að geta unnið betur á sviði ónæmisfræði, almennra lyflækninga, blóðmeinafræði og fleiri undirgreina læknisfræðinnar. Markmiðið er að geta sagt til um virkni lyfja og meðferðar fyrir einstaklinginn á grundvelli líkinda sem eru að sjálfsgöðu mismunandi fyrir hvern og einn. Hið endanlega val mun alltaf verða sjúklingsins og að vel athuguðu máli.

Viljum við virkilega vita þetta?

Ljóst er að þessi nýja tækni sem hefur verið að ryðja sér til rúms og notagildi hennar mun vafalítið aukast í framtíðinni. Hún er grunnurinn að þeirri ákvörðun hinnar fögru Angelínu Jolie að láta fjarlægja brjóst sín áður en hún fær sjúkdóm. Það að geta greint og meðhöndlað sjúkdóma einstaklinga sértækt með sömu nálgun er þegar byrjað í litlum mæli og er mögulega næsta stóra skrefið í þróun læknisfræðinnar. Við munum sjá þennan geira vaxa hratt á næstu árum, meðferðir eins og lyf munu verða persónubundnari. Skjólstæð-

„Við erum enn að slíta barnsskónum, ef svo mætti orða það, á sviði erfðafræði og læknisþjónustu sem byggir á genum viðkomandi einstaklinga“

ingar munu gera kröfur um dýpri þekkingu á þeirra sjúkdómi og geta okkar til að gera slíkt mun auka verulega á kostnað í heilbrigðiskerfum um alla veröld þar sem þetta mun á endanum verða nokkurs konar „standard of care“ eins og það kallast. En kostnaðurinn mun ekki felast svo mikið í greiningarvinnunni þar sem hægt er að staðla hana og þannig draga úr kostnaði. Megin útgjaldaaukningin mun verða í því að meðferðir og eftirfylgni verða ekki eins staðlaðar eða keimlíkar og þær hafa verið undanfarna áratugi. Það vill enginn vera hjarðdýr, flækjustigið mun því margfaldast og er ekki útséð með langtímaárangur af slíkri nálgun.

Ég tel hins vegar að stærsta og líklega áhugaverðasta nálgunin í notkun þessarar tækni og sú sem væntanlega mun leiða til sparnaðar til lengri tíma litið sé falin í markvissari forvörnum en við höfum áður haft tækifæri til. En þar kemur líka hin stóra siðferðilega spurning, viljum við virkilega vita þetta?

AF NETINU

Loforðaðflótti skrópagemlinga

Gulldregjastjórnin virðist á harðlaupum frá loforðum sínum fyrir kosningar – þar sem glæsileg Íslandsmet voru þó sett [...]



Drög að samviskubiti brutust fram í síðustu viku. Þá gerði Sigmundur Davíð veikburða tilraun til að koma því inn hjá þjóðinni að því miður yrði mjög erfitt að standa við loforð gulldregjanna því staða ríkissjóðs væri verri en þá hefði grunað. [...]

Fyrir utan að allar helstu stærðir lægju fyrir í fjárlögum, þá væru mánaðarleg yfirlit yfir stöðu ríkissjálsmála gefin út, og hagvaxtarspá á þriggja mánaða fresti. Auk þess væri kostnaðarumsögn sem fylgdi hverju einasta frumvarpi. Allt væri opið og gagnsætt. Engum ætti því að koma neitt á óvart – sem fylgdist með.

